



Frá Sigöldugljúfri, mynd Finnur Kristinsson, Landslag ehf.

SIGÖLDUGLJÚFUR Í RANGÁRÞINGI YTRA

DEILISKIPULAG

18. maí 2026

Sjá einnig skipulagsuppdrátt etc.

SAMKVÆMT 1.MGR. 41. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

UNNIÐ FYRIR RANGÁRÞING YTRA



Rangárþing ytra



LANDSLAG



BATTERÍÐ
ARCHITECTS

Innihald

1	Inngangur	3
1.1	Skipulagslýsing.....	3
1.2	Núverandi aðstæður	3
1.3	Náttúruvernd.....	4
1.4	Minjar	4
1.5	Skipulagsleg staða	4
1.5.1	Þjóðlenda.....	4
1.5.2	Landsskipulagsstefna 2024-2038	4
1.5.3	Svæðisskipulag Suðrhálendis 2022-2042	4
1.5.4	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.....	5
1.6	Deiliskipulag Sigöldustöðvar frá 09.04.2024.....	6
1.7	Kynning og samráð	6
1.8	Gögn deiliskipulags.....	6
2	Deiliskipulag	6
2.1	Lóð – Aðstöðuhús - áningarstaður	6
2.1.1	Veitur	7
2.1.2	Sorp	7
2.2	Aðkomuvegur - bílastæði	7
2.3	Vinnuslóði að Krókslóni	7
2.4	Göngustígar	8
2.5	Útsýnispallar	8
2.6	Upplýsingaskilti og öryggismerkingar.....	8
2.7	Framkvæmdartími	8
3	Umhverfisáhrif	8

Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ var samþykkt í sveitarstjórn Rangárbings ytra þann _____.

Sveitarstjóri Rangárbings ytra

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

1 Inngangur

Landslag ehf. í samvinnu við Batteríið hefur umsjón með gerð deiliskipulags við og meðfram Sigöldugljúfri fyrir Rangárþing ytra. Skipulagssvæðið er um 31 ha.

Sigöldugljúfur hefur vaxið að vinsældum undanfarin ár. Sigöldugljúfur er árfarvegur Tungnaár sem rann hér áður en Sigöldustöð var reist 1978. Sterkblár litur vatnsins í gljúfrinu ásamt mörgum litlum fossum sem falla í það gerir svæðið áhrifamikið. Vatnið getur hækkað snögglega í gljúfrinu þegar lónið fer á yfirfall og í tengslum við viðhald í virkjuninni. Samkvæmt talningu við Sigöldufoss er áætlað að um 15.000 manns hafi heimsótt hann á ári en talið er að talsvert fleiri komið að Sigöldugljúfri. Með fjölgun ferðamanna hefur því myndast þörf fyrir skipulagða stíga, útsýnispalla, bílastæði og salerni til að draga úr raski á svæðinu og bæta öryggi.

Sigöldugljúfur er á hálendinu, vestan við Krókslón á mörkum Rangárþings ytra og Ásahrepps. Komið er á svæðið um Fjallabaksleið nyrðri en gera má ráð fyrir að leiðin sé opin frá byrjun júlí og fram að fyrstu snjóum. Afmörkun svæðisins miðast við Sigöldugljúfur í norðaustri í um 200m fjarlægð frá deiliskipulagsmörkum virkjunarsvæðisins. Mörkin ná í um 200-400m til suðurs frá gljúfrinu á um 950m breiðu svæði. Nær skipulagið yfir smá búi af Fjallabaksleið nyrðri þar sem gert er ráð fyrir að útbúa bílastæði út frá honum. Sjá nánar afmörkun á uppdrætti.

Markmið deiliskipulagsins er að draga úr raski á viðkvæmum gróðri á svæðinu auk þess að bæta öryggi ferðamanna og þjónustu við þá. Þetta er gert með því að skipuleggja uppbyggingu svæðisins en gert er ráð fyrir að staðsetja þrjá útsýnispalla, lítið aðstöðuhús með þurrsalernum, bílastæði og stígatengingar þarna á milli.

1.1 Skipulagslýsing

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Skipulagslýsingin var samþykkt til kynningar á fundi í skipulags- og umferðarnefnd 09.04.2026. Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028. Lýsingin var í kynningu frá 16.04.2026 til 12.05.2026. Umsagnir bárust frá Forsætisráðuneytinu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landsneti, Landsvirkjun, RARIK, Veitum, Náttúruverndarstofnun, Fiskistofu og Vegagerðinni og var tekið tillit til umsagna við gerð deiliskipulagsins.

1.2 Núverandi aðstæður

Ferðatíminn er frá byrjun júlí eða þegar vegurinn opnar og mögulega fram í byrjun nóvember eða þar til að byrjar að snjóa. Mesta álagið er væntanlega í júlí og ágúst. Fjallabaksleið nyrðri er um 4 m breiður slóði og því aðeins fær fjórhjóladrifnum bílum eða mjög öflugum fólksbílum og jepplingum. Út frá Fjallabaksleið nyrðri liggur vinnuslóði Landsvirkjunar að stíflumannvirkjum Krókslóns. Í dag fer fólk að gljúfrinu með því að keyra vinnuslóðann sem er í raun ekki heimilt þar sem hann er aðeins ætlaður þeim sem sinna mannvirkjum virkjunarinnar. Engir stígar eða bílastæði eru á svæðinu í dag. Þeir sem ekki fara vinnuslóðann leggja beggja megin við Fjallabaksleið nyrðri. Sjá má merki þess að

svæðið er farið að raskast og gönguslóðar farnir að myndast víða um svæðið. Einnig eru merki þess að fólk fari ofan í gljúfrið sjálft en það getur verið hættulegt þar sem vatnið getur hækkað snögglega í gljúfrinu í tengslum við viðhald í virkjuninni.

1.3 Náttúruvernd

Allt skipulagssvæðið er á nútímahrauni, Tjörvahraun, Búrfellshraun og Sigölduhraun, sem fellur undir a lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ásamt því að fossarnir og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki fellur undir b lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því brýnt að vandað sé til verka, hrauni ekki raskað að óþörfu og útsýni ekki skert.

1.4 Minjar

Engar þekktar minjar eru á svæðinu en skipulagið er unnið í samráði við Minjastofnun. Minnt er á að ekki er heimilt að hrófla við minjum sem kunna að koma í ljós nema í samráði við Minjastofnun skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

1.5 Skipulagsleg staða

1.5.1 Þjóðlenda

Skipulagssvæðið er í Landmannaafrétti sem er þjóðlenda og afréttur og um það gilda lög um þjóðlendur nr. 58/1998.


1.5.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnunni kemur fram að við uppbyggingu á miðhálandinu þarf að tryggja að hún rýrir ekki hefðbundin not og upplifun, vernd óbyggðra víðerna, mikilvægra landslagsheilda og náttúru miðhálandisins.

1.5.3 Svæðisskipulag Suðrhálandis 2022-2042

Í svæðisskipulagi suðrhálandis er gert gróft mat á verndargildi svæða. Þar sem skipulagssvæðið er í námunda við mannvirkjasvæði er það almennt flokkað með frekar lágt verndargildi í heildina. Gert er ráð fyrir að Fjallabaksleið nyrðri verði byggð upp úr landinu á þessu svæði en það er ekki forgangsverkefni.

1.5.4 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028



Hluti aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028. Dökkur rammi sýnir staðsetningu deiliskipulags.

Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fellur svæðið í tvo landnotkunarflokka, skógræktar- og landgræðslusvæði annars vegar og hins vegar óbyggð svæði auk hverfisverndar.

Skógræktar og landgræðslusvæðið SL26 – Árskógar, í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram: Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha.

Óbyggð svæði – í greinargerð aðalskipulagsins kemur m.a. fram: *hálandissvæði sveitarfélagsins er að miklu leyti skilgreint sem óbyggt svæði. Hluti stefnu sveitarfélagsins fyrir óbyggð svæði er að umferð um hálandissvæði verði undir þölmörkum viðkvæmra svæða m.a. með því að vinna að skipulagi ferðaleiða.*

Hverfisvernd HV13 Rangárvalla- og Landmannaafréttur – eftirfarandi lýsing er fyrir hverfisverndina: *Afréttarsvæðin sunnan Tungnaár. Stór samfelld svæði gosminja, víðlend hraunasvæði og eldstöðvar, þ.á.m. Hekla og Torfajökull. Ekki verður hróflað við minjum á svæðinu, s.s. gömlum vörðum eða skálum án samráðs við Minjastofnun.*

Reiðleið – samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir reiðleið meðfram eða í Fjallabaksleið nyrðri. *Hluti stefnu aðalskipulagsins er að umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi og sögu- og*

náttúruminum m.a. með því að allt fóður fyrir hesta verður að flytja á áningarstaði, sérstaklega á hálendissvæðum.

Háspennulína, Sigöldulína 4 – Samkvæmt greinargerð aðalskipulagsins er helgunarsvæði háspennulína misbreitt en almennt gildir að því hærri spenna því breiðara helgunarsvæði. Sigöldulína 4 er 132 kV lína og áætlað helgunarsvæði því um 35-45m skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001. Innan helgunarsvæðis háspennulína er óheimilt að reisa mannvirki, planta trjám eða ráðast í aðrar framkvæmdir nema í samráði við Landsnet.

1.6 Deiliskipulag Sigöldustöðvar frá 09.04.2024.

Mörk deiliskipulags Sigöldustöðvar eru um 240m austan við áætluð mörk Sigöldugljúfurs. Í skipulaginu kemur fram, í kafla 3.3. Samgöngur, að hluti vega er *skilgreindur sem vinnuvegir og eru þeir einungis ætlaðir fyrir umferð vegna eftirlits, þjónustu og viðhalds á mannvirkjum.*

1.7 Kynning og samráð

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar í vinnu við deiliskipulag eru Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Landsnet, Landsvirkjun, Minjastofnun, Náttúruverndarstofnun, Rarik, Umhverfis- og orkustofnun, Vegagerðin, Veitur og viðeigandi nefndir og deildir Rangárbings ytra.

1.8 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð þessari með forsendum og skipulags- og byggingarskilmálum.
- Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2000, unnin á drónamynd tekna af Batteríinu nóvember 2025.

2 Deiliskipulag

Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á að bæta aðstöðu og öryggi ferðamanna samhliða því að draga úr og koma í veg fyrir frekara rask á náttúrunni innan skipulagssvæðisins.

2.1 Lóð – aðstöðuhús - áningarstaður

Gert er ráð fyrir 1974m² lóð með mjög rúmum byggingarreit þar sem heimilt er að byggja allt að 20m² hús sem þjónar gestum svæðisins. Lóð og byggingarreitur eru höfð mjög rúm fyrir litla byggingu þar sem nákvæmt staðarval byggingar hefur ekki farið fram og svigrúm þarf að vera til að koma byggingunni sem best fyrir í umhverfinu og taka tillit til staðháttu og draga úr sjónrænum áhrifum. Húsið skal falla vel að umhverfinu og efnisval í samræmi við það. Hámarks hæð byggingar er 5 m og er þakform frjálst.

Gert er ráð fyrir fjórum þurrsalernum, þ.a. eitt fyrir fatlaða, og geymslurými tengt þeim í byggingunni.

Innan lóðar er einnig gert ráð fyrir áningarstað þar sem heimilt er að koma fyrir opnu yfirbyggðu skjóli allt að 20m². Þar er hægt að hafa upplýsingaskilti og öryggis upplýsingar í skjóli frá veðri og vindum og fólk getur einnig borðað nesti eða hinkrað eftir ferðafélögum. Ef mögulegt skal eftir fremsta megni nota efni af staðnum við frágang í kringum bygginguna.

2.1.1 Veitur

Þar sem gert er ráð fyrir þurrsalernum er ekki þörf fyrir rotþró eða stórum safntank. Tryggja þarf aðkomu vegna tæmingar þurrsalernanna og að ekki skapist hætta á mengun vegna tæmingar þeirra.

2.1.2 Sorp

Gert er ráð fyrir sorpílátum við aðstöðuhúsið. Hreinsun og flokkun sorps fer eftir reglum sveitarfélagsins.

2.2 Aðkomuvegur - bílastæði

Aðkomuvegur að bílastæðum er út frá Fjallabaksleið nyrðri. Innan veghelgunar Fjallabaksleið nyrðri er óheimilt að framkvæma neitt nema í samráði við Vegagerðina.

Gert er ráð fyrir allt að 30 almennum bílastæðum á svæði við aðstöðuhús þar af eitt fyrir hreyfihamlaða. Auk þess er gert ráð fyrir 2 stæðum fyrir rútur. Nær Fjallabaksleið nyrðri er afmarkað svæði þar sem mögulegt verður að útbúa allt að 20 stæði í viðbót ef þörf er á síðar meir. Aðkomuvegur skal þola akstur þungra bíla t.d. ferðamannarúta og mögulega vegna seyrulosunar.

Ekki er gerð krafa um fast yfirborð á bílastæðum. Gengið skal frá jöðrum bílastæða þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu, t.d. með hrauni eða öðru efni úr nærumhverfinu án þess þó að raska viðkomandi svæði. Við hönnun og merkingar bílastæða skal leitast við að þau verði skilvirk og örugg. Ef mögulegt skal eftir fremsta megni nota efni af staðnum við frágang. Gæta þarf þess við hönnun bílastæðanna að afvötnun af bílastæðum og leysingavatn á vorin valdi ekki vatnsrofi. Bílastæði eru sýnd á leiðbeinandi hátt á skipulagsuppdrætti en nánara fyrirkomulag og útfærsla þeirra getur breyst við fullnaðarhönnun og eftir staðháttum.

2.3 Vinnulóði að Krókslóni

Líkt og kemur fram í deiliskipulaginu *Sigöldustöð í Ásahreppi og Rangárþingi ytra, dags 09.04.2024* eru vinnuvegir einungis ætlaðir fyrir umferð vegna eftirlits, þjónustu og viðhalds á mannvirkjum. Vinnulóðinn er því aðeins fyrir starfsmenn Landsvirkjunar og gert er ráð fyrir að setja slá/hlið á slóðann til að koma í veg fyrir óheimila umferð í samráði við Landsvirkjun.

Heimilt er að nýta vinnulóðann sem aðkomu fyrir neyðarþjónustu.

2.4 Göngustígar

Gert er ráð fyrir göngustíg út frá bílastæðum að aðstöðuhúsi og áfram að útsýnispöllum. Sjá má leiðbeinandi legu á skipulagsupprætti en nánari útfærsla er gerð við fullnaðarhönnun og á staðnum þar sem reyna á að laga stíginn að umhverfinu sem mest. Stígurinn getur verið allt að 3m breiður en verður víða mjórri en það, aðstæður í landi stjórna því. Við gerð göngustíga skal frekar fylla í en að brjóta hraun og láta þá falla vel að umhverfinu. Efnisval skal falla vel að umhverfinu, t.d. vel þjöppuð mól, ekki er gerð krafa um fast yfirborð. Ef mögulegt skal eftir fremsta megni nota efni af staðnum við frágang. Gæta þarf þess við hönnun stíga að leysingavatn valdi ekki vatnsrofi.

2.5 Útsýnispallar

Heimilt er að reisa allt að þrjá útsýnispalla á brún gljúfursins á þeim stöðum sem sýndir eru á upprætti. Hver pallur má vera allt að 200 m². Efnis- og litaval skal miðast við að pallarnir falli vel að umhverfinu. Við hönnun þeirra skal tryggja öryggi ferðamanna og góða sýn að fossunum. Ef mögulegt skal eftir fremsta megni nota efni af staðnum við frágang við pallana og stíga að þeim. Pallarnir skulu uppfylla kröfur byggingarreglugerðar 112/2012.

2.6 Upplýsingaskilti og öryggismerkingar

Heimilt er að setja upp upplýsingaskilti við bílastæði, göngustíga og útsýnispalla. Fyrir er upplýsingaskilti á svæðinu í tengslum við verkefnið Orkuslóð á vegum Landsvirkjunar. Jafnframt er heimilt, í samráði við Landsvirkjun, að setja upp viðvörðunarskilti þar sem þörf þykir á, með það að markmiði að takmarka umferð ferðamanna utan skilgreindra gönguleiða og útsýnispalla, þar sem Sigöldugljúfur er hluti af innviðum Sigölduvirkjunar og hætta á flóðum í því.

Við hönnun nýrra skilta skal hafa í huga núverandi skilti á svæðinu og/eða samræmi við handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum.

2.7 Framkvæmdartími

Á framkvæmdartíma þarf að gera ráð fyrir verklagi sem kemur í veg fyrir mengun vegna olíu, eldsneytis, úrgangs, jarðefna eða annars framkvæmdarasks. Ekki er heimilt að geymi mengandi efni á svæðinu án fullnægjandi mengunarvarna.

Leitast skal við að halda öllu landraski í lágmarki á framkvæmdartíma.

3 Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem engar framkvæmdir er áætlaðar sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Gerð er grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en hraun mun raskast þar sem framkvæmdir verða í tengslum við útsýnispallana, bygginguna og mögulega bílastæðin.

Staðsetning útsýnispalla miðast við að veita ferðamönnum örugga en góða sýn að Sigöldugljúfri. Engar sérstæðar hraunmyndanir eru við gljúfurbrúnina. Útsýnispallar eru taldir hafa jákvæð áhrif til að auka öryggi ferðamanna um svæðið og draga úr raski á viðkvæmum gróðri svæðisins en neikvæð áhrif á jarðmyndanir.

Við val á staðsetningu lítils aðstöðuhúss er talið að mjög lítið rask verði á hrauni þar sem gert er ráð fyrir stórum byggingarreit og lóð til að hægt sé að staðsetja bygginguna þar sem hún mun valda sem minnstu raski. Aðstöðuhúsið er talin hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir en bæta umgengni við svæðið og auka þjónustuna.

Bílastæði og göngustígar eru staðsett þar sem rými er á milli hraunmyndana og ekki gert ráð fyrir að raska þurfi hrauni við gerð þeirra. Bílastæði og stígar eru talin hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir og draga úr álagi á svæðinu í kring.

Mótvægisáðgerðir felast í því að vanda staðarval allra mannvirkja, bílastæða og stíga auk þess að reyna að draga úr neikvæðum áhrifum á jarðmyndanir með því að fella framkvæmdir sem best að umhverfi sínu.